



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundarboð

Fundur nr.112 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, miðvikudaginn 19.ágúst 2015 klukkan 15:00. Mættir eru fundarmenn Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Davíð Andri Agnarsson varafirmaður, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon og Vigfús Þór Hróbjartsson fulltrúi skipulags –og byggingarmála. Páll Jónsson boðar forföll, í hans stað er mættur Ragnar Smári Rúnarsson.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Orustustaðir – Deiliskipulag hótels í landi Orustustaða

Lagt er fram uppfært deiliskipulag vegna Orustustaði í Skaftárhreppi. Í skipulaginu felst að deiliskipulagt er svæði fyrir hótel í landi Orustustaða. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar er varðar móturn byggðar og skilmálum er varðar útlit bygginga og efnisval.

Nefndin fer fram á nánari skilgreiningu innan deiliskipulags á útliti og gerð starfsannahúss á reit B2. Að öðru leiti er ekki gerð athugasemd við skipulagið. Talið er að athugasendum skipulagsstofnunar hafi verið mætt innan hins uppfærða skipulags. Nefndin leggur til að skipulagið verði auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 eftir að tekið hefur verið tillit til athugasemda nefndarinnar. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málín.

Byggingarmál.

2. Orustustaðir – Byggingarleyfi

Hreiðar Hermansson kt. sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu íbúðarhúss að Orustustöðum. Húsið er staðsett utan deiliskipulags í auglýsingu.

Byggingaráform samþykkt. Gerð er athugasemd vegna nálægðar við lóð Orustustaða 208957. Lega lóðar liggur ekki nákvæmlega fyrir samkv. afsali þess efnis. Málið verði grenndarkynnt áður en framkvæmir heffast. Fulltrúa skipulags – og byggingarmála falið að ljúka málín, skilgreina legu nálægðrar lóðar í samstarfi við fulltrúa eigenda lóðarinnar og setja út staðsetningu nýs byggingarreits.

Önnur mál.

3. Stöðuleyfi – Ásar

Gísli Halldór Magnússon kt.540269-6459 sækir um stöðuleyfi fyrir smáhýsi á jörð Ása 163301.

Samþykkt. Leitað verði samþykkis landeiganda. Skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.

Davíð Andri víkur af fundi.

4. Umsókn um breytta notkun lóðar – Selhólavegur 10

Kristján Sumarliði Guðmundsson kt:0510565829 og Erla Ósk Sigurðardóttir
Færsetkt:2303592109 óska eftir að lóð þeirra að Selhólavegi 10 verði skráð
íbúðarhúsalóð en ekki sumarhúsalóð samkv. meðfylgjandi umsókn

*Nefndin leggst gegn því að notkun lóðarinar verði breytt. Nefndin telur málið sé
fordæmisgefandi gagnvart breyttri notkun annarra sumarhúsalóða í
sveitarfélaginu. Að öðrum kosti verði aðalskipulagi og deiliskipulagi breytt til
samræmingar m.v. breytta notkun svæðisins á kostnað landeigenda.*

Davíð Andri mætir aftur til fundar.

Ekki fleira gert. Fundi slitið kl. **17:33**

W